

Bæjarstjórn - 27

FUNDARBOÐ

27. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 29. ágúst 2024 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2407001F - Skipulagsnefnd - 23

Lögð fram fundargerð 23. fundar skipulagsnefndar.

2. 2406002F - Safna- og menningarmálanefnd - 4

Lögð fram fundargeðr 4. fundar safna- og menningarmálanefndar.

3. 2408001F - Bæjarráð - 24

Lögð fram fundargerð 24. fundar bæjarráðs.

Erindi til kynningar

4. 1905011 - Ljósmyndasafn Stykkishólms - Staða safnsins og framtíðarsýn

Lögð er fram skýrsla starfshóps um framtíð ljósmyndasafns Stykkishólms. Á 24. fundi bæjarráðs var ákveðið að vísa skýrslunni til kynningar og umræðu í bæjarstjórn í samræmi við hvatningu safna- og menningarmálanefndar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

5. 2408040 - Umsókn um framkvæmdaheimild fyrir borun á hitastuðulsholum í landi Vigraholts

Lögð fram umsókn um framkvæmdarheimild frá Vigraholti ehf. fyrir borun á hitastigsholum í landi Vigraholts. Framkvæmdin felst í að bora tvær til þrjár grunnar, 60-80 metra djúpar tilraunarholur/hitastuðulsholur í landi Vigraholts. Með umsókninni fylgdi loftmynd þar sem staðsetning tilraunaborholanna er sýnd og stutt grein gerð fyrir framkvæmdinni.

Bæjarstjóri leggur til við bæjarstjórn að samþykkja, í samræmi við fyrirbyggjandi gögn, að umrædd framkvæmd sé ekki háð framkvæmdaleyfi, sbr. 4. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, með þeim tilmælum að öllu raski sé haldið í lágmarki og öll ummerki eftir framkvæmdina verði afmáð ásamt því að áréttað sé að ef til frekari vinnslu við borholur kemur getur sú framkvæmd verið háðar framkvæmdaleyfi og verði breyting á framkvæmd skal afla samþykkis við breytingunni.

6. 2206035 - Kallhamar og Hamraendar - Skipulagsáætlanir (ASK br. og DSK)

Lögð eru fram uppfærð drög að vinnslutillögum deiliskipulagsáætlana fyrir Kallhamar og Hamraenda ásamt vinnslutillögu breytingar á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002- 2022 sem tekur til beggja svæðanna, ásamt minnisblaði skipulags- og umhverfisfulltrúa og tillögu að afgreiðslu málsins.

7. 2408025 - Viðauki 2 við Fjárhagsáætlun 2024-2027

Lagður fram viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2024-2027. Bæjarráð samþykkti, á 24. fundi sínum, viðauka 2 við Fjárhagsáætlun 2024-2027 og lagði til við bærarstjórn að samþykkja hann.

8. 2408026 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Lagt til, í samræmi við viðauka 2 við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, að sveitarfélagið óski eftir 150 mkr. lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Bæjarráð samþykkti, á 24. fundi sínum, að sækja um 150 milljón kr. lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

9. 1912004 - Fundaáætlun bærarstjórnar og bæjarráðs

Fundaáætlun bærarstjórnar og bæjarráðs tekin fyrir.

10. 1808022 - Minnispunktar bærarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bærarstjóra.

27.08.2024

Jakob Björgvin Jakobsson, bærarstjóri.